



Ársskýrsla stjórnar LH.

Starfsárið 1980-'81

**Reikningar
ársins 1980**

EFNISYFIRLIT

I.	Stjórn	bls.	1
II.	Starfsmannahald og skrifstofa	"	1
III.	Hesturinn okkar	"	2
IV.	Útgáfumál	"	2
V.	Svæðisfundur á Selfossi	"	3
VI.	Skógarhólar	"	3
VII.	Löggæsla á hestamannamótum	"	4
VIII.	Fóðurbætisskattur	"	4
IX.	Reiðvegafé	"	5
X.	Reiðvegagerð	"	5
XI.	Reiðskólastyrkir	"	7
XII.	Fasteignagjöld af hesthúsum	"	7
XIII.	Póstferð og frimerki um hestinn	"	7
XIV.	Tölvuvinnsla á félagaskrá	"	8
XV.	Tryggingamál	"	8
XVI.	Mérkingar hrossa	"	8
XVII.	Samstarf við Ferðamálaráð	"	9
XVIII.	Styrkur til kvikmyndagerðar	"	9
XIX.	Samningar um kaup og kjör reiðkennara	"	9
XX.	Reglugerð um veðmalastarfsemi	"	10
XXI.	Merki fyrir L.H.	"	10
XXII.	Íslandsmet	"	10
XXIII.	Kappreiðaveðmál	"	10
XXIV.	Aðild að F.E.I.F.	"	11
XXV.	Félagsbúningar	"	11
XXVI.	Af ýmsum málum	"	11
XXVII.	Áningarnefnd	"	12
XXVIII.	Fræðslunefnd	"	13
XXIX.	Fræðslunefnd gæðingadómara	"	15
XXX.	Fræðslunefnd kappreiðadómara	"	15
XXXI.	Reglur um unglingakeppni	"	16
XXXII.	Mótanefnd	"	16
XXXIII.	Hesthúsbyggingarnefnd	"	16
XXXIV.	Íþróttaráð L.H.	"	17
XXXV.	Ýmsar nefndir	"	18
	Rekstrarreikningur L.H. 1980	"	19
	Efnahagsreikningur L.H. 1980	"	20
	Rekstrarreikningur Hestsins okkar 1980	"	22
	Efnahagsreikningur Hestsins okkar 1980	"	23
	Innkomin árgjöld til L.H. 1980	"	24

SKÝRSLA STJÓRNAR LANDSSAMBANDS HESTAMANNAFÉLAGA

STARFSÁRÍÐ 1980 - 1981

I. STJÓRN.

Á starfsárinu 1980 - 1981 skipuðu eftirtaldir stjórn Landssambands hestamannafélaga:

Aðalstjórn:

Formaður: Albert Jóhannsson, Skógum, Austur-Eyjafj.hr., Rang.
 Ritari: Sigurður Haraldsson, Kirkjubæ, Rangárvöllum.
 Féhirðir: Gísli B. Björnsson, Reykjavík.
 Meðstjórn: Hjalti Pálsson, Reykjavík.
 Egill Bjarnason, Sauðárkróki.

Varastjórn:

Varaform.: Stefán Pálsson, Kópavogi.
 Vararitari: Árni Magnússon, Akureyri.
 Varaféhirðir: Árni Guðmundsson, Beigalda, Borgarhr., Mýras.
 Varameðstj.: Leifur Kr. Jóhannesson, Stykkishólmi.
 Birgir Guðmundsson, Selfossi.

Stjórn L.H. hélt 12 stjórnarfundir á árinu.

II. STARFSMANNAHALD OG SKRIFSTOFA.

Um síðustu áramót lét Pétur Hjálmsón af starfi framkvæmdastjóra L.H. Pétur hafði þá starfað hjá sambandinu frá 1. október 1979 í hálfu starfi samhliða störfum sínum hjá Búnaðarfélagi Íslands. Um áramótin tók Pétur við nýju starfi hjá B.Í. og óskaði þá eftir að láta af störfum sínum hjá L.H. Var starf framkvæmdastjóra auglýst og bárust þrjár umsóknir um starfið. Á fundi stjórnar L.H. 23.mars 1981 var samþykkt að ráða Tryggva Gunnarsson, laganema, í starf framkvæmdastjóra L.H. Þar sem Tryggvi gat ekki vegna anna við nám sitt hafið störf fyrir en í septembermánuði í haust, ákvað stjórn L.H. á þessum sama fundi að ráða Jóhann Albertsson, Skógum, Austur-Eyjafjöllum, til starfa á skrifstofu L.H. næstu mánuði. Tryggvi hóf störf hjá L.H. í endaðan september s.l. og verður hann í hálfu starfi. Fyrst um sinn verður fastur viðverutími hans á skrifstofu L.H. frá kl. 14 til 17 þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga.

Skrifstofa L.H. hefur síðustu ár verið í Félagsheimili Fáks við Elliðaár. Frá og með 1. október s.l. flutti skrifstofan í nýtt húsnæði að Snorrabraut 54 í Reykjavík. Hefur L.H. tekið á leigu þar eitt skrifstofuherbergi og verður þar skrifstofa framkvæmdastjóra og fundaraðstaða. Þá er L.H. aðili að sameiginlegri símaþjónslu og vélritunarþjónustu, sem starfrækt er af þeim félögum og stofnunum, sem til húsa eru á sömu hæð og L.H.

Þá hefur L.H. eins og síðustu ár greitt 60% af hálfum launum skrifstofustúlku á skrifstofu Fáks en hún hefur að hálfu verið í starfi hjá L.H. og Hestinum okkar annars vegar og Fákni hins vegar.

III. HESTURINN OKKAR.

Tímarit L.H., Hesturinn okkar, kom út í óbreyttu formi. Sr. Halldór Gunnarsson, sem verið hafði ritstjóri blaðsins um skeið óskaði eftir að láta af starfi. Þá urðu einnig nokkrar breytingar á ritnefndinni. Úr ritnefndinni gengu Friðþjófur Þorkelsson, Inga Valborg Eingarsdóttir og Jón Ágústsson. Nýir menn í ritnefndina voru kjörnir: Jón Steingrímsson, Kristján Benjamínsson og Þórir Þorsteinsson.

Stjórn L.H. ákvað í samráði við ritnefnd að sá háttur yrði á útgáfunni þetta árið að ritnefndin sæi um útgáfuna en formaður ritnefndar væri ábyrgðarmaður.

Ritnefndin hefur samþykkt að reyna að vinna að því að öll hefti hvers árgangs komi út fyrir áramót.

IV. ÚTGÁFUMÁL L.H.

Nokkuð hefur á árinu selst af þeim bókum, sem L.H. hefur gefið út á síðustu árum, Hesturinn minn, Sprett úr spori og Lög og reglur L.H.

Stjórn L.H. hefur ákveðið að láta endurskoða og bæta gerð og frágang handbókarinnar Lög og reglur L.H. Sérstaklega þarf að huga að samræmdri uppsetningu og kaflaskilum með það í huga að auðveldu útsendingu á breytingum og viðbótum. Samhliða þessu verki er ráðgert að koma upp föstu áskriftarkerfi að breytingum og viðbótum við Lög og reglur L.H.

Á árinu hefur verið unnið að gerð margvíslegra eyðublaða fyrir vottorð og aðrar upplýsingar, sem tengjast starfsemi hestamannafélaganna og L.H. Má hér nefna eyðublað vegna skráninga hrossa á kappreiðum, vottorð fyrir samþykki foreldra skv. 21. gr. kappreiðareglna L.H., umsóknareyðublað vegna Íslandsmeta, viðurkenningarskjöl vegna þátttöku í gæðingakeppni, unglingakeppni og reiðnámskeiði. Þá hefur verið unnið að gerð svonefnds hestaskírteinis, sem ætlað er fyrir hestaeigendur sem vilja skrá hjá sér ætt, lýsingu og önnur einkenni á hestum sínum en slíkar upplýsingar gætu m.a. komið að notum þegar hestur tapast. Verða eyðublað þessi gefin út þegar lokið er gerð nýs merkis fyrir L.H.

V. SVÆÐISFUNDUR Á SELFOSSI.

Stjórn L.H. hafði rætt nauðsyn þess að prófa nýjar leiðir til að styrkja samstarf sitt og stjórna hestamannafélaganna. Boðað var til svæðisfundar á Selfossi þar sem stjórnnum allra hestamannafélaga á Suður- og Suðvesturlandi var gefinn kostur á að mæta ásamt stjórnarmönnum L.H. Nokkrir þættir félagsstarfsins voru ræddir og skiptust stjórnarmenn á um að reifa málin. Reynt var að hafa umræður frjálslugar og óþvingaðar. Sem dæmi má nefna að rætt var um fjármál og hugsanlegar fjáröflunarleiðir og sögðu gjaldkerar félaganna frá reynslu sinni.

Fundurinn þótti takast fremur vel. Tími var þó naumur og bundinn af sýningu stóðhestastöðvarinnar á Litla-Hrauni sem haldin var á Selfossi sama dag. Slíka svæðisfundi þarf að undirbúa betur og velja ákveðin málefni fyrirfram sem ræða skuli. Mikilvægt er að skapa gagnkvæm kynni milli stjórna L.H. og stjórna hestamannafélaganna.

VI. SKÓGARHÓLAR.

Á ársþinginu sem haldið var á Höfn í Hornafirði var stjórn L.H. veitt heimild til að leigja nokkrum hestamannafélögum á Suður- og Suðvesturlandi mótssvæðið á Skógarhólum. Nokkrir fundir hafa verið haldnir á árinu og málinu þokað á leið. Framkvæmdastjóri L.H. og varaformaður ræddu við Þingvallanefnd um framhaldandi leigu á svæðinu en leigusamningur rennur út 1985. Máli okkar var vel tekið en Þingvallanefnd óskaði eftir að fá fram ákveðnar hugmyndir um framtíðaráform um uppbyggingu og notkun staðarins.

Á fundi, sem haldinn var 20.maí 1981 á Selfossi og á voru mættir fulltrúar 9 hestamannafélaga var kjörin undirbúningsnefnd til að gera tillögur að stofnun félags um rekstur Skógarhóla. Hefur sú nefnd einnig hugað að hugmyndum um not staðarins og uppbyggingu í framtíðinni. Er þessi nefnd í þann veginn að skila tillögum sínum, og þegar hestamannafélögin hafa tekið afstöðu til tillagna nefndarinnar, verður tekið til við að ræða um fyrirkomulag og kjör varðandi rekstur félaganna á Skógarhólum.

VII. LÖGGÆSLA Á HESTAMANNAMÓTUM.

Umræður fóru fram við fulltrúa Dómsmálaráðuneytis um löggæslu á lands- og fjórðungsmótum. Nokkrir fundir voru haldnir og virtist skilningur á okkar málstað. Niðurstaða varð þó sú, að endanleg synjun kom um þátttöku og olli það miklum vonbrigðum. Fundur var haldinn enn með fulltrúa Dómsmálaráðuneytis, niðurstöðu var ekki breytt, en loforð um að ráðuneytið beitti sér fyrir að löggæslu yrði í hóf stillt í hverju tilviki, svo og um lengd vakta og eðlilegum frítíma milli vakta. Eins og kunnugt er, þá fer kostnaður mjög eftir því hvort 8 stunda frítími næst milli vakta, því ef frítími er t.d. 7 tímar verður að greiða laun allan frítímann.

VIII. FÓÐURBÆTISKATTUR.

Nokkrar umræður fóru fram milli Framleiðsluráðs landbúnaðarins og L.H. um gjaldafslátt á fódurbæti.

Til viðræðu við Framleiðsluráð voru tilnefndir þeir Stefán Pálsson og Gísli B. Björnsson. Haft var samráð við H.H.

Vel var tekið í málaleitan okkar og eftirfarandi samþykkt: "Framleiðsluráð landbúnaðarins veiti gjaldafslátt til hestamannafélaga í þéttbýli 125 kg.fyrir hvert hross.

Gefnar verði út ávísanir í 50 og 125 kg. einingum, til kaupa á innfluttum fódurbæti.

Lagðar verði til grundvallar upplýsingar hestamannafélaga og fódureftirlitsmanna um hesta á fódurum á félagssvæðinu veturinn 1979-80. Endurskoðun á heildarfjölda hrossa veturinn 1980-81 fari fram í marsmánuði, þá fari endanleg úthlutun skómmunar-seðla fram.

Hvert hestamannafélag fái afhentar í einu lagi ávísanir fyrir félagsbundna hestamenn sem og aðra hestamenn á viðkomandi félagssvæði.

Framkvæmdin var síðan í höndum félagsstjórna á hverju svæði.

IX. REIÐVEGAFÉ.

Að vanda úthlutaði stjórn L.H. því fé, sem veitt var í vegaaætlun til reiðvegagerðar. Fyrir árið 1981 komu til úthlutunar 80.000.- nýkrónur og var þeim úthlutað sem hér segir:

Hestamannafélagið	Fákur	kr.	18.000.-
"	Gnýfari	"	5.000.-
"	Hörður	"	12.000.-
"	Léttir	"	8.000.-
"	Sindri	"	5.000.-
"	Snarfari	"	5.000.-
"	Geysir	"	15.000.-
"	Gustur	"	12.000.-
	Samtals	kr.	80.000.-

Á næsta ári er gert ráð fyrir að til ráðstöfunar í reiðvegafé geti orðið 130 þúsund nýkrónur og hafa umsóknar-eyðublöð vegna úthlutunar reiðvegafjár fyrir fjárlagaárið 1982, þegar verið send út. Rennur umsóknarfrestur út 1.desember n.k. og er rétt að vekja athygli á því að áður sendar umsóknir þarf að endurnýja á hinum útsendu eyðublöðum. Er ráðgert að úthlutun reiðvegafjár fyrir árið 1982 fari fram fljótlega upp úr áramótum.

X. REIÐVEGAGERÐ.

Í haust óskaði stjórn L.H. eftir viðræðum við vegamála-stjóra og skipulagsstjóra ríkisins um reiðvegagerð, og þá sérstaklega hvernig bæri að standa að tillögugerð um breytingar á vegalögunum þess efnis að inn í þau kæmi ákvæði um gerð reiðvega samhliða annarri vegagerð. Fulltrúar L.H. í þessum viðræðum voru Stefán Pálsson og Tryggvi Gunnarsson en auk vegamálastjóra og skipulagsstjóra tók þátt í þeim Jón Birgir Jónsson, yfirverkfræðingur Vegagerðarinnar.

Í viðræðunum kom fram mikill skilningur af hálfu þessara embættismanna hvað snertir reiðvegagerð í tengslum við aðra vegalagningu. Lögðu þeir áherslu á að mikilvægt væri að unnið yrði sameiginlega að því af hálfu L.H. og Vegagerðarinnar að koma á föstu skipulagi um það hvar reiðvegir ættu að vera, þannig að Vegagerðin gæti við skipulagningu og framkvæmd vegagerðar tekið tillit til þeirra. Oft væri einnig heppilegt að vinna samhliða að gerð reiðvega og bílvega. Til þess að reiðvegagerð geti hins vegar orðið fastur þáttur í stofnkostnaði vega þarf að gera breytingu á vegalögnum, eins og fram kom á síðasta ársþingi L.H. Varð niðurstaða þessara viðræðna sú, að stjórn L.H. ynni að mótun breytingartillagna við vegalögin og fengi alþingismenn til að flytja það mál á Alþingi. Jafnframt var ákveðið að hefjast handa við undirbúning að gerð áætlunar um reiðvegagerð fyrir landið. Var talið heppilegast að hvert hestamannafélag ynni að samtekt tillagana fyrir sitt svæði og þegar þær lögju fyrir yrði reynt að samhefa tillögur frá félögnum t.d. í hverri sýslu eða umdæmi Vegagerðarinnar. Það yrði verkefni L.H. að safna þessum tillögum saman á einn stað og koma þeim á framfæri við Vegagerðina. Var ákveðið að hefjast handa við undirbúning að þessu verki með því að leita eftir tillögum frá félögnum í sýslunum þremur á Suðurlandi. Mun hestamannafélögnum á þessu svæði innan tíðar verða gerð nánari grein fyrir þessu verkefni. Suðurlandið var valið til að prófa hvaða aðferðir væru heppilegastar við undirbúning slíkra reiðvegaáætluna og er þess að vænta að aðrir landshlutar fylgi í kjölfarið.

Þá er þess að geta að Einar E. Sæmundsen, landslagsarkitekt hefur haldið áfram því verki, sem hann hóf árið 1979 fyrir Skipulag ríkisins, varðandi könnun á aðstöðu hestamenskunnar á höfuðborgarsvæðinu. Upphaf þessa verks var beiðni frá stjórn L.H. um að kannaðir yrðu möguleikar á því að tengja betur saman reiðleiðir á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Hefur Einar auk gagnasöfnunar gert tillögur um legu reiðvega og stíga um þetta svæði. Við þetta starf hefur Einar haft samráð við hestamannafélögin fimm á þessu svæði. Hafa félögin nú ákveðið að stofna með sér samstarfsnefnd, sem vinni að sameiginlegum hagsmunamálum félaganna t.d. að því er varðar skipulagsmál.

XI. REIÐSKÓLASTYRKIR.

Til úthlutunar í reiðskólastyrki komu á árinu 3.000.- nýkrónur. Var upphæðinni úthlutað þannig:

Hestamannafélagið	Fákur	kr.	1.300.-
"	Gustur	"	400.-
"	Sindri	"	400.-
"	Geysir	"	300.-
"	Blakkur	"	300.-
"	Glæsir	"	300.-
Samtals		kr.	3.000.-

XII. FASTEIGNAGJÖLD AF HESTHÚSUM.

Stjórn L.H. barst s.l. vor erindi um álagningu fasteignaskatta á hesthús frá Hestamannafélaginu Dreyra á Akranesi. Tilefni þessa erindis var óánægja hestamanna á Akranesi með álagningu fasteignaskatta á hesthús þeirra, sem þeir telja að séu verulega hærri en víða annars staðar. Í tilefni af þessu erindi ákvað stjórn L.H. að gera könnun á því, hvernig væri háttað álagningu fasteignaskatts á hesthús hjá hinum einstöku sveitarfélögum í landinu. Af þessu tilefni var forráðamönnum 66 sveitarfélaga skrifað og óskað upplýsinga um þessi mál í viðkomandi sveitarfélagi. Eru svör þegar farin að berast og er vonast til að úrvinnsla úr þeim geti hafist í næsta mánuði. Verður hestamannafélögnum þá send sérstök greinargerð um málið.

XIII. PÓSTFERÐ OG FRÍMERKI UM HESTINN.

Landssamband hestamanna fór þess á leit við ráðherra Póst- og símamála, Steingrím Hermannsson, að hann veitti leyfi fyrir póstferð í tengslum við næsta landsmót hestamanna.

Einnig var farið þess á leit við hann að hann stuðlaði að útgáfu frímerkis, um hestinn, sem kæmi út um líkt leiti og póstferðin verði farin.

Ráðherra mælti með báðum þessum beiðnum.

Vitað er að unnið er að gerð frímerkis, en undirbúningur póstferðar er ekki hafinn að neinu ráði.

XIV. TÖLVUVINNSLA Á FÉLAGASKRÁM.

Í tengslum við umræður, sem urðu í ritnefnd Hestsins okkar og stjórn L.H. í tilefni af því að ákveðið var að koma áskriftarskrá Hestsins okkar yfir á tölvuskrá, vaknaði sú hugmynd að nýta hina nýju tölvutækni til vinnslu á félagskrám hestamannafélaganna. Hefur verið unnið að könnun þessa máls og verður sérstök tillaga um það lögð fyrir þetta ársþing.

XV. TRYGGINGAMÁL.

Sem kunnugt er skilaði nefnd, sem fjallaði um tryggingamál hestamanna áliti fyrir síðasta ársþing L.H. Í samræmi við samþykkt ársþingsins í fyrra óskaði stjórn L.H. eftir því að nefndin héldi áfram starfi sínu. Verður lögð fyrir þetta þing tillaga um hvernig skipa beri tryggingamálum vegna hestamannamóta og fylgir þeim tillögum ítarleg greinargerð. Í greinargerðinni er að finna ábendingar um ýmsa þætti þessara mála og það verður því verkefni þessa þings að velja hvaða leið verður farin í þessum efnum. Í samþykkt, sem gerð var á síðasta ársþingi var fjallað um nauðsyn þess að setja fastar reglur um tryggingar vegna ýmissa þátta í starfsemi hestamannafélaganna, svo sem tamningastöðva, reiðskóla, mótahalds o.fl. Áfram þarf því að vinna að þessum málafllokki, þó einhver samþykkt verði gerð á þessu þingi um tryggingar vegna mótahalds.

XVI. MERKINGAR HROSSA.

Á síðasta ársþingi var samþykkt ályktun, þar sem stjórn L.H. var hvött til að hafa forgöngu um að hafinn yrði undirbúningur að kerfisbundnum merkingum hesta í landinu. Hefur stjórnin fylgst með starfi svonefndar Markanefndar hrossa, sem starfað hefur á vegum Búnaðarfélags Íslands en í nefndinni eru: Pétur Hjálmsón, Þorkell Bjarnason og Erlendur Jóhannsson. Má um starf nefndarinnar vísa til greinargerðar í Hestinum okkar, 2.tbl. 1981, bls. 68-69, og þá sérstaklega til skýrslu nefndarinnar til Búnaðarþings 1981, sem þar er birt. Nefndin hefur á þessu ári haldið áfram tilraunum og gagnsöfnun og er stefnt að því að nefndin leggi endanlegar tillögur sínar fyrir Búnaðarþing, sem haldið verður laust upp úr áramótum í vetur.

Er því vonandi farið að styttest í að skipulegar merkingar hrossa með öðrum hætti en eyrnamörkum verði að veruleika.

XVII. SAMSTARF VIÐ FERÐAMÁLARÁÐ.

Með bréfi dagss. 22. desember 1980 óskaði Ferðamálaráð Íslands eftir viðræðum við L.H. um möguleika á hestaleigu til ferðamanna jafnt íslenskra sem erlendra til lengri og skemmri ferða um landið. Áttu fulltrúar L.H. viðræður við Ferðamálaráð vegna þessa og var í þeim fjallað almennt um möguleika á því að gefa ferðamönnum tækifæri til að komast í snertingu við íslenska hestinn. Fulltrúar L.H. bentu á að rekstur á hestaleigum væri fyrst og fremst verkefni fyrir áhugasama einstaklinga t.d., innan raða Samtaka ferðabanda og Hagsmunafélags hrossabanda. Það væri hins vegar vilji L.H. að leggja sitt af mörkum til að sem flestir hefðu tækifæri til að stunda hestamennsku. Þessar viðræður hafa nú legið niðri um sinn en væntanlega verður senn farið að huga að þessum málum, og þá með næsta sumar í huga.

XVIII. STYRKUR TIL KVÍKMYNDAGERÐAR.

Sigurður Oddur Ragnarsson, búfræðingur, er við framhaldsnám í Svíþjóð. Nám hans er aðallega falið í rannsóknum á hreyfingu og fótagerð hesta. Liður í námi hans er fræðileg kvíkmynd um þessar rannsóknir. Sigurður fór þess á leit við L.H. og fleiri innlenda aðila að þeir styrktu gerð kvíkmyndarinnar. L.H. samþykkti að styrkja hann með 2.500.-kr. gegn því að L.H. fengi eitt eintak af myndinni.

XIX. SAMNINGAR UM KAUP OG KJÖR REIÐKENNARA.

Um s.l. áramót voru taxtar samnings L.H. og Félags tamningamanna framreiknaðir miðað við vísitölu 1.mars, 1.júní, 1.sept, og 1.des. 1980. Þá komu út eftir greindar tölur miðað við 1. jan. 1981:

Laun tamningamanna	kr. 523.681.-
reiðnámskeið: Fullorðnir	" 18.775.-
Unglingar	" 12.540.-

XX. REGLUGERÐ UM VEDMÁLASTARFSEMI.

Fundir voru haldnir með fulltrúa Dómsmálaráðuneytis Ólafi W. Stefánssyni varðandi reglugerð um veðmalastarfsemi. Niðurstaða þeirra viðræðna varð sú, að þegar hefur verið mótuð reglugerð er tekur til allra veðmála á vegum hestamannafélaga, en reglugerðin hefur ekki verið gefin út ennþá. Eftir það þarf ekki að setja reglugerð í hverju tilviki, ef hestamannafélag vill koma upp veðmalastarfsemi eins og nú er. Aðeins þarf að tilkynna Dómsmálaráðuneytinu og fá staðfestingu þess í hverju tilviki.

XXI. MERKI FYRIR L.H.

Á undanfórnum árum hefur oft verið rætt um nauðsyn þess að L.H. eignaðist nýtt merki sem auðkenni fyrir starfsemi sína. Að undanfórnu hefur listamaðurinn Baltasar unnið að gerð tillagna að merki fyrir samtökin, og þrýðir tillaga hans forsiðu á þessari ársskýrslu.

XXII. ÍSLANDSMET.

Stjórn L.H. hefur á starfsárinu staðfest eitt Íslandsmet. Er það í 150 metra skeiði, sett á Vindheimamelum í Skagafirði 1. ágúst 1981 og er met tíminn 13,9 sek. Metið setti Skjóni frá Móeiðarhvoli, eigandi Helgi Valmundsson, Hellu, knapi Aðalsteinn Aðalsteinsson.

Þá hefur stjórninni borist umsókn um staðfestingu á Íslandsmeti í 400 metra stökki en hlaup það sem hér um ræðir fór fram á Mánagrund 9. ágúst s.l. Hefur umsókn þessi ekki hlotið endanlega afgreiðslu.

XXIII. KAPPREIÐAVEÐMÁL.

L.H. og Framkvæmdanefnd Fjórðungsmótsins á Hellu efndu sameiginlega til kappreiðaveðmáls í tengslum við Fjórðungsmótið. Áttu þátttakendur að geta sér til um þrjá fyrstu hesta í 250 metra skeiði og 350 metra stökki. Var skipuð sérstök samstarfsnefnd til að vinna að þessu verkefni og áttu sæti í henni Gísli B. Björnsson og Stefán Pálsson af hálfu L.H. og Gunnar Jóhannsson og Jóhannes Guðmundsson af hálfu Fjórðungsmótsins. Jóhann Albertsson frá Skógum var ráðinn sem starfsmaður vegna kappreiðaveðmálanna og starfaði hann á skrifstofu L.H. Lögð var áhersla

á að kynna veðmálið með auglýsingum og fréttum í fjölmiðlum. Sölu önnuðust hestamannafélögin, einstaklingar og sérstaklega ráðnir sölumenn á mótssstaðnum á Hellu. Salan gekk ekki eins vel og menn höfðu vonað og þá bæði hjá félögunum og á mótssstað. Alls seldust 2411 miðar og nam heildarsalan 48.220.- nýkrónum. Í verðlaun fóru 20% eða 9.592.- kr. og í sölulaun 9.174.- kr. Aðalkostnaður var við prentun, auglýsingar, vinnulaun og póst- og síma. Halli á kappreiðaveðmálinu varð kr. 12.773,60., en margir aðilar höfðu áður gefið afslátt af reikningum sínum.

XXIV. AÐILD AÐ F.E.I.F.

Síðasta ársþing samþykkti aðild L.H. að F.E.I.F. Fundir hafa verið haldnir með samstarfsaðilum L.H., Búnaðarfélagi Íslands og Búvörudeild SÍS. Ákveðið hefur verið að starfskipting þessarra aðila verði sú að Búnaðarfélagið fari með ræktunarmál, L.H. með íþróttamál og Búvörudeildin með dagleg samskipti, kynningu og útbreiðslumál. Aðalfundur F.E.I.F. verður síðast í nóvember og mun fulltrúi stjórnar L.H. mæta þar og aðildin endanlega borin upp þar.

Þeirri hugmynd hefur verið hreyft að Evrópumót 1985 verði haldið á Íslandi. Komið hefur fram beiðni um að halda æfingamót 1982 til þess að ganga úr skugga um hvort dæmið gengur upp og hvort hægt er að halda mót hér með því sniði sem fyrirhugað er. Sú hugmynd verður rædd á fundi fulltrúa L.H., B.Í. og S.Í.S. með búnaðarmálastjóra nú næstu daga.

XXV. FÉLAGSBÚNINGAR.

Ein umsókn barst á árinu um staðfestingu á félagsbúningi og var hún frá Háfeta í Þorlákshöfn. Staðfesti stjórnin eftirfarandi, sem félagsbúning Háfeta: Svartar reiðbuxur, svört stígvél og hjálmur, kremhvít peysa og ryðbrúnn flauelisjakki.

XXVI. AF ÝMSUM MÁLUM.

Stjórn L.H. ritaði stjórn Búnaðarfélags Íslands bréf í tilefni af framkvæmd forskoðunar kynbótahrossa vegna Fjórðungsmótsins á Hellu sl. sumar. Gerði stjórn L.H. nokkrar athuga semdir við þá framkvæmd og kynnti stjórn B.Í. samþykkt

31. ársþings L.H. um að við forskoðun kynbótahrossa vegna fjórðungs- og landsmóta, starfi ætíð a.m.k. þrír menn úr skipaðri dómnefnd. Jafnframt bar stjórn L.H. fram þá ósk að komið yrði á betra skipulagi vegna forskoðunar í tengslum við stærri mót. Með svarbréfi stjórnar B.Í. fylgdi greinargerð frá Þorkeli Bjarnasyni, hrossaræktarráðunaut, þar sem hann svarar þeim atriðum, sem stjórn L.H. gerði að umtalsefni í bréfi sínu. Þá kemur fram í greinargerð Þorkels að hann hefur ákveðið að setja sýnendum harðari kosti í framtíðinni um skráningu, áttfærslu og mætingu í forskoðun.

Í febrúarmánuði s.l. barst stjórn L.H. bréf frá Guðmundi Ó. Guðmundssyni, Sauðárkróki, þar sem hann fór fram á það við stjórnina að hún endurskoðaði staðfestingu sína á Íslandsmetum í 400 metra og 800 metra stökki, sem sett voru á Mánagrunn 10. ágúst 1980. Framangreind met hafði stjórn L.H. staðfest á fundi sínum 20. október 1980. Stjórnin fjallaði um erindi Guðmundar og taldi ekki efni til að breyta fyrri ákvörðunum sínum í þessu máli.

Á stjórnarfundum 16. febrúar 1981 fór fram afhending á Fáksbikarnum, sem veittur er fyrir besta afrek í 800 metra stökki á hringvelli. Veittu Jón Hafdal og kona hans bikarnum viðtöku vegna afreks, sem hesturinn Gnýfari vann á Murneyrum þá um sumarið en hann hljóp vegalengdina á 59,8 sek.

XXVII. ÁNINGARNEFND.

Á starfsárinu hélt nefnd sú, sem stjórn L.H. skipaði í fyrria til að vinna að ferðamálum hestamanna og uppsetningu áningastaða áfram starfi sínu. Í nefndinni eiga sæti Árni Þórðarson, formaður, Reykjavík, Sveinbjörn Dagfinnsson, Reykjavík, og Björn Sigurðsson, Kópavogi. Sem kunnugt er hafa fyrir tilstilli L.H. og nefndarinnar verið reistar áningagirðingar á Hveravöllum og í Hvítárnesi. Hefur L.H. borið kostnað af þessum framkvæmdum. Nokkrar deilur urðu um staðsetningu girðingarinnar á Hveravöllum en nú hefur nefndin náð samkomulagi við alla hlutaðeigandi um að girðingin fái að standa á núverandi stað.

Af hálfu nefndarinnar hefur verið samið við hlutaðeigandi upprekstarfélög um að reist verði áningargirðing á Arnarvatnsheiði. Verður þessi girðing sett upp næsta vor.

Upphaflega var ráðgert að girðingin yrði í Álftakrók en nú hafa Borgarfirðingar ákveðið að reisa nýjan gangnamannaskála á þessum slóðum og verður girðingin sett upp hjá honum. Hvar nýi skálinn verður kemur væntanlega í ljós fyrir næstu áramót.

Þá hefur nefndin orð heimamanna fyrir því að hestamönnum séu heimil afnot af gangnamannakofum og girðingum á eftirtöldum stöðum á Eyvindarstaðaheiði: Kvíslarkofa, við Ströngukvísl, við Galtará og Buga, svo og Stafnsrétt en þar er náttagi.

Nefndin hefur einnig hugað að kortlagningu á Fjallabaksleiðum nyrðri og syðri og öðrum umbótum á þessum leiðum. Þá hefur skógræktarstjóri fyrir beiðni nefndarinnar haft milligöngu um not hestamanna af girðingu í Engidal í Þórsmörk.

XXVIII. FRÆDSLUNEFND.

Á síðasta ársþingi var gerð sérstök samþykkt um skipulagningu á fræðslustarfi hestamannafélaganna. Í framhaldi af þessari samþykkt ákvað stjórn L.H. að kjósa sérstaka fræðslunefnd og að verkefni hennar yrði að annast skipulagningu fræðslustarfs á vegum L.H. Voru eftirtaldir kjörnir í nefndina: Páll Agnar Pálsson, Reykjavík, Ragnheiður Sigurgrímsdóttir, Keldnakoti, Kári Arnórsson, Reykjavík, Guðmundur Jónsson, Mosfellssveit og Sigurður Ragnarsson, Mosfellssveit. Þá hefur framkvæmdastjóri L.H. starfað með nefndinni.

Starf nefndarinnar hefur fram að þessu einkum beinst að eftirfarandi verkefnum:

a) Járninganámskeið.

Í samræmi við samþykkt síðasta ársþings hefur nefndin lagt á það áherslu að geta boðið hestamannafélögunum upp á járninganámskeið. Eru líkur á að slíkt námskeiðahald geti farið af stað innan tíðar og verður það mál kynnt félögunum bréflega á næstunni. Er vonast til að tveir eða þrír menn taki að sér kennslu á þessum námskeiðum og ætti því að vera hægt að halda þau sem víðast um landið. Þá er Sigurður Sæmundsson um þessar mundir að ljúka samantekt á bæklingi um járningar, sem ætlunin er að nota við kennslu á járningarnámskeiðunum.

Einnig er í undirbúningi að halda í janúar n.k. námskeið í sjúkrajárningum. Yrði það væntanlega haldið í Reykjavík og staði frá föstudegi til sunnudagskvölds. Er ráðgert að hvert hestamannafélag eigi þess kost að senda einn mann á þetta námskeið.

b) Námskeið fyrir leiðbeinendur í reiðmennsku fyrir byrjendur.

Fræðslunefndin vinnur nú að undirbúningi námskeiðs fyrir leiðbeinendur í reiðmennsku fyrir byrjendur hjá hestamannafélögunum. Er námskeið þetta hugsað fyrir þá, sem taka að sér slík leiðbeinendastörf t.d. kennslu í reiðskólum, en einnig ætti þetta námskeið að nýtast leiðbeinendum í unglingastarfi hestamannafélaganna. Stefnt er að því að halda þetta námskeið í Reykjavík í byrjun aprílmánaðar n.k. og staði það sennilega í viku. Kennsla verður bæði bókleg og verkleg.

c) Söfnun upplýsinga um tiltækt fræðsluefni.

Nefndin hefur hafist handa við söfnun upplýsinga um það fræðsluefni sem hestamannafélögunum stendur til boða. Er ætlunin að gera skrá yfir þær kvikmyndir og skuggamyndir, sem félögin geta fengið til sýninga. Einnig hefur nefndin hug á því að leita til tiltekinna manna um, hvort nefndin megi benda hestamannafélögunum á þá sem hugsanlega fyrirlesara á fræðslufundum um tiltekin efni.

Þá hefur sú hugmynd komið fram að hverju félagi yrði send sérstök mappa til varðveislu á upplýsingum um fræðsluefni. Með tímanum mætti þannig mynda fræðslubanka, sem tiltækur væri hjá hverju félagi, en fræðslunefndin og skrifstofa L.H. sæu um að innlegg bærust í þennan banka öðru hverju.

Ljóst er að ýmsir þættir fræðslustarfsins, svo sem námskeiðahald og ferðir fyrirlesara, eru kostnaðarsamir. Hlutur L.H. í þessu starfi hlýtur fyrst og fremst að verða að kosta til skipulagningar á starfinu og gerð ýmis konar fræðsluefnis en beinan kostnað við fyrirlesara á fræðslufundum og þátttöku í námskeiðum verða hestamannafélögin að bera eða félagar þeirra.

XXIX. FRÆÐSLUNEFND GÆÐINGADÓMARA.

Fræðslunefnd vegna gæðingadóma og dómarnámskeiða hefur starfað eins og endranær. Í vor voru haldin tvö dómarnámskeið. Annað á Selfossi fyrir félögin Sleipni og Geysi, en þar voru útskrifaðir 8 dómarar. Hitt námskeiðið var í Reykjavík í tengslum við Fjórðungsmótið á Hellu. Fimmtán félög máttu senda fólk á námskeiðið í Reykjavík, en aðeins fimm félög nýttu það. Voru átta dómarar útskrifaðir á því námskeiði.

Á síðasta ársþingi var nokkrum tillögum beint til nefndarinnar og hefur hún á fundum sínum rætt þær og skoðað. Nefndin hefur haldið 7 starfsfundi auk umræðufundar með dómurum og nokkrum keppendum Fjórðungsmótsins á Suðurlandi s.l. sumar. Á þeim fundi voru sýndar kvikmyndir af gæðingakeppni Fjórðungsmótsins og málin rædd af vinsemd en hreinskilni.

Nefndin hefur gert stjórn L.H. grein fyrir niðurstöðum sínum og tillögum, en þar er helst um að ræða tillögu um breytta aðferð við útreikning á viljadómi og endurbætur á leiðbeiningum fyrir dómara.

Þá gerir nefndin tillögu um verulegt endurmat og bætt skipulag dómarnámskeiðanna, með hliðsjón af þeirri myndbandatækni, sem nú er fyrir hendi.

Ennfremur gerir nefndin tillögu um nokkrar tæknilegar breytingar á 300 metra hringvellingum, sem notaður er við gæðingakeppnir. Jónas Vigfússon verkfræðingur hefur gert uppdrátt að slíkum velli í samræmi við tillögu nefndarinnar.

Í Fræðslunefnd gæðingadómarar eiga sæti: Sigurður Haraldsson, Kirkjubæ, formaður, Friðbjófur Þorkelsson, Mosfellssveit og Sigurbjörn Bárðarson, Reykjavík. Þá hafa starfað með nefndinni sem fulltrúar Dómarafélagsins þeir Guðni Jónsson, Reykjavík og Jón Guðmundsson, Kópavogi.

XXX. FRÆÐSLUNEFND KAPPREIÐADÓMARA.

Í Fræðslunefnd kappreiðadómarar eiga sæti: Hreinn Arnason, Kópavogi, formaður, Agnar Guðafsson, Reykjavík, Aðalsteinn Steinþórsson, Reykjavík og Guðmundur Birkir Þorkelsson, Laugarvatni. Hefur nefndin haldið alls fimm fundi á starfsárinu og verða lagðar fyrir þetta þing tillögur frá nefndinni um breytingar á kappreiðareglum L.H.

Þá efndi nefndin til eins námskeiðs fyrir kappreiðadómara og var það haldið 31. maí s.l. en umsjón með námskeiðinu höfðu Hreinn Árnason og Aðalsteinn Steinþórsson. Þátttakendur í námskeiðinu voru sex frá jafn mörgum félögum.

XXXI. REGLUR UM UNGLINGAKEPPNI.

Sem kunnugt er hafði vinnuhópur, sem fjallaði um tillögur til breytinga á reglum um unglingakeppni lagt fram ákveðnar tillögur fyrir síðasta ársþing L.H. Þessar tillögur komu hins vegar ekki til afgreiðslu á þinginu. Skapaðist af þessum sökum nokkurt ósamræmi í framkvæmd á reglum um unglingakeppnina á s.l. sumri. Nú hefur vinnuhópurinn endurbætt fyrri tillögur sínar og verða þær lagðar fyrir þetta þing til umfjöllunar.

Forysta fyrir þessum vinnuhópi hefur verið í höndum Hreins Árnasonar, Kópavogi en aðrir í vinnuhópnum eru: Kristbjörg Eyvindsdóttir, Reykjavík, Ragnar Tómasson, Reykjavík, Ragnheiður Sigurgrímsdóttir, Keldnakoti og Rosemarie Þorleifsdóttir Vestra-Geldingaholti.

XXXII. MÓTANEFND.

Mótanefnd hefur eins og undanfarin ár unnið að gerð tillagna til stjórnar L.H. um niðurröðun móta yfir sumartímann. Hefur nefndin í starfi sínu reynt að fara sem mest eftir óskum félaganna en ljóst er að verkefni nefndarinnar verður stöðugt erfiðara vegna fjölgunar mótanna. Í Mótanefnd áttu sæti einn fulltrúi úr hverjum landsfjórðungi sem voru: Guðmundur Ó. Guðmundsson, Sauðárkróki, Gunnar Egilsson, Egilsstöðum, Hannes Á. Hjartarson, Akranesi og Steinþór Runólfsson, Hellu. Fimmti maður í nefndinni var Pétur Hjálmsón, Mosfellssveit og var hann formaður nefndarinnar.

XXXIII. HESTHÚSBYGGINGARNEFND.

Stjórn L.H. skipaði nýverið nefnd fimm manna til að vinna að úttekt og athugun á hesthúsbyggingum. Verður verkefni nefndarinnar m.a. að huga að þeim mistökum, sem gerð hafa verið við hesthúsbyggingar fram að þessu, íhuga og gera tillögur um hvernig heppilegast sé að byggja hesthús og safna saman á einn stað upplýsingum um þessi mál. Gætu þessar upplýsingar komið að góðum notum fyrir þá, sem hyggja á hesthúsbyggingar. Leitað var til byggingarfróðra manna, sem jafnframt eru hestamenn um

að þeir tækju sæti í nefndinni en þessir menn eru: Jóhannes Guðmundsson, verkfræðingur, Kópavogi, sem verður formaður nefndarinnar, Magnús Sigsteinsson, bygginga- og búaðkniráðunautur, Mosfellssveit, Jón Ásbjörnsson, byggingafulltrúi, Mosfellssveit, Páll Magnússon, húsasmiður, Reykjavík og Reynir Vilhjálmsson, landslagsarkitekt, Reykjavík.

XXXIV. ÍPRÓTTARÁÐ L.H.

Þriðja ársþing Íþróttaráðs L.H. var haldið í Félagsheimili Fáks 14 márs 1981.

Í stjórn voru kosin, form. Snorri Ólafsson, Selfossi, aðalmenn í stjórn Sigrún Sigurðardóttir, Kópavogi, Viðar Halldórsson, Reykjavík, Sigurður Sæmundsson, Hafnarfirði og Gunnar M Friðbjólfsson, Selfossi. Varamenn voru kjörnir Magnús Hákonarson, Selfossi, og Einar Þorsteinsson, Keflavík. Á þinginu kom fram beiðni íþróttadeilda hestamannafélaganna Funa, Léttis og Þráins um að þau héldu Íslandsmótið í hestaíþróttum helgina 25. og 26. júlí að Melgerðismelum í Eyjafirði og var það samþykkt.

Þann 4.mars 1981 barst Snorra Ólafssyni bréf frá Gunnari Bjarnasyni fyrir hönd Búnaðarfélags Íslands þar sem óskað var eftir því að íþróttaráð L.H. sæi um úrtöku á þeim keppnishestum er keppa skyldu fyrir Íslands hönd á 5.Evrópumóti F.E.I.F. í Noregi. Þessi beiðni var samþykkt og var fljótlega byrjað á undirbúningi móts þessa. Úrtakan var háð í Keflavík í samfloti með haustmóti Mána.

Á stjórnarfundum þann 13.ágúst s.l. fór Snorri Ólafsson fram á að verða leystur frá störfum sem formaður ráðsins og tók Viðar Halldórsson, varaform. við störfum hans.

Stjórn Íþróttaráðs hefur að undanförunni verið að kanna leiðir til inngöngu í Í.S.Í. og verður væntanlega gengið frá formlegri umsókn flestra íþróttadeilda L.H. í íþróttabandalögin fyrir áramót.

Það sem af er árinu hafa verið haldnir 6 stjórnarfundir hjá íþróttaráði ásamt nokkrum fundum í sambandi við E.M. og Íslandsmótið.

XXXV. ÝMSAR NEFNDIR.

Á síðasta ársþingi var þeim tilmælum beint til stjórnar L.H. um að hún skipaði nefnd til að vera ráðgefandi um innflutning reiðtygja. Vegna þessarar samþykktar skrifaði stjórnin Eyjólfí Ísólfssyni fyrir hönd Reiðkennaradeildar Félags tamningamanna og óskaði eftir tillögum um menn í nefndina. Svar hefur ekki borist og hefur nefndin því ekki hafið starf sitt.

Einnig hefur nefnd um stöðlun kappreiðavalla og fleira sem kosin var að lokinni ráðstefnu í Holtagörðum í Reykjavík í mars 1980 haldið áfram starfi sínu. Hefur nefndin m.a. leitað eftir upplýsingum frá hestamannafélögum um gerð kappreiðavalla þeirra.

Reykjavík, 29. október 1981.

Stjórn L.H.,

Albert Jóhannsson (sign.) Gísli B. Björnsson (sign.)
Sigurður Haraldsson (sign.) Hjalti Pálsson (sign.)
Egill Bjarnason (sign.)

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 1980.

TEKJUR:

1. Ársgjald sambandsfélaganna	Kr.	9.054.500,-
2. Starfsstyrkur Búnaðarfélags Íslands	"	200.000,-
3. " Ríkissjóðs	"	200.000,-
4. Reiðskólastyrkur	"	200.000,-
5. Sala bóka og reglugerða	"	6.255.646,-
6. Vextir	"	2.323.410,-
7. Aðrar tekjur	"	4.800,-
Tekjur samtals		<u>Kr. 18.238.356,-</u>

GJÖLD:

1. Skrifstofuaðstaða	Kr.	216.000,-
Laun	"	5.430.117,-
Pappír, fjölritun og ritföng	"	562.480,-
Póstur og sími	"	302.436,-
Ymisgjöld	"	<u>121.292,-</u>
		Kr. 6.632.325,-
2. Þinghald og fundir	"	1.077.857,-
3. Akstur og ferðakostnaður	"	1.684.415,-
4. Námskeið og fræðsluhald	"	862.580,-
5. Skógarhólar	"	252.179,-
6. Landvernd	"	50.000,-
7. Reiðskólastyrkir	"	200.000,-
8. Útgáfa bóka, laga og reglugerða	"	1.025.763,-
9. Afskriftir	"	<u>270.000,-</u>
Gjöld samtals:		Kr. 12.055.119,-

10. Tekjuafgangur	"	<u>6.183.237,-</u>
		<u>Kr. 18.238.356,-</u>

EIGNIR:1. Handbært fé:

Landsb. ísl. vaxtaa. 306858 ..	Kr. 5.527.947.-	
Búnaðarb. ísl. bók 2658	" 3.455.945.-	
Búnaðarb. ísl. hlfr. 12112	" 272.709.-	Kr. 9.256.601.-
2. Kvikmyndir	" 20.000.-	
3. Eignir á skrifstofu	Kr. 489.706.-	
Viðbót á árinu	" 500.000.-	
	Kr. 989.706.-	
÷ Afskr. 1980 ..	Kr. 190.000.-	
" áður ..	" 249.706.-	" 439.706.-
		Kr. 550.000.-
4. Girðingar	Kr. 203.295.-	
÷ Afskr. 1980 ..	Kr. 65.000.-	
" áður ..	" 138.295.-	" 203.295.-
		0.-
5. Skógarhólasvæðið	" 25.000.-	
6. Skógarhólahús	" 200.000.-	
7. Birgðir af söluvarningi	Kr. 70.000.-	
÷ Afskr. 1980 ..	Kr. 15.000.-	
" áður ..	" 55.000.-	" 70.000.-
		0.-
8. Fyrirfram greidd húsaleiga	" 424.000.-	
9. Innkaupasamband bóksala h.f.:		
Útistandandi fyrir seldar bækur	" 3.207.500.-	
Eignir samtals:	Kr. 13.683.101.-	

31. DECEMBER 1980.

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:1. Skuldir:

Ógreiddur kostnaður 31/12 1980	Kr. 200.000.-
Skuldir samtals:	Kr. 200.000.-

2. Eigið fé:

Höfuðstólsreikningur 1/1 1980	Kr. 7.299.864.-
Tekjur frá rekstrarreikningi	" 6.183.237.-
Eigið fé samtals:	Kr. 13.483.101.-


Skuldir og eigið fé samtals: Kr. 13.683.101.-



Framanskráðan reikning Landssambands hestamannafélaga, fyrir árið 1980, höfum við endurskoðað.

Við höfum sannreint að tilfærðar bankainnistæður eru fyrir hendi.

Birgðir af bókum, lögum og reglugerðum hafa ekki verið metnar til verðs í ársreikningum undanfarinna ára og svo er enn.

Reykjavík, 23. október 1981.


 Jón Bjarnason


 Ragnar A. Magnússon.

HESTURINN OKKAR.
REKSTRARREIKNINGUR ÁRÍÐ 1980.

TEKJUR:

1. Áskrift og lausasala	Kr. 20.880.170.-
2. Auglýsingar	" 1.606.000.-
3. Vextir	" 373.721.-
Tekjur samtals: Kr. 22.859.891.-	
Rekstrarhalli: "	1.674.379.-
	<u>Kr. 24.534.270.-</u>

GJÖLD:

1. Prentun og pappír	Kr. 8.242.679.-
2. Setning og umbrot	" 7.195.684.-
3. Burðargjöld	" 2.987.359.-
4. Dagpeningar ritstjóra	" 1.768.000.-
5. Skrifstofa og afgreiðsla	" 1.918.033.-
6. Akstur og ferðakostnaður	" 2.081.560.-
7. Myndakostnaður	" 340.955.-
Kostnaður samtals: <u>Kr. 24.534.270.-</u>	

HESTURINN OKKAR.
EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1980.

EIGNIR:

1. Handbært fé:

Sparisj. Rvíkur og nágr. spb.36610	Kr. 254.147.-
" " " hl. 24575	" 842.624.-
	Kr. 1.096.771.-

2. Fyrirfram greidd húsaleiga " 616.000.-

3. Áhöld á skrifstofu Kr. 53.948.-

÷ Afskrifað áður " 43.948.- " 10.000.-

Eignir samtals: Kr. 1.722.771.-

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

1. Skuldir:

Bergur Magnússon v/Fák Kr. 156.000.-

2. Eigið fé:

Höfuðstóll f.f.ári Kr. 3.241.150.-

÷ Halli á rekstrarreikningi " 1.674.379.- " 1.566.771.-

Skuldir og eigið fé samtals: Kr. 1.722.771.-

frml. P. D. Þursson

Framanskraða reikninga Hestsins okkar, fyrir árið 1980, höfum við endurskoðað og teljum þá rétta.

Við höfum sannreynt að tilfærðar bankainnistæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 23. október 1981.

Jón Bjarnason
Jón Bjarnason

Ragnar Á. Magnússon
Ragnar Á. Magnússon.

INNKOMIN ÁRGJÖLD 1980.

Hestamannafélagið	Andvari	68	félagar	Kr.	102.000,-
"	Blakkur	45	"	"	67.500,-
"	Dreyri	155	"	"	232.500,-
"	Faxi	252	"	"	378.000,-
"	Fákur	780	"	"	1.170.000,-
Félag tamningamanna		52	"	"	78.000,-
Hestamannafélagið	Feykir	51	"	"	76.500,-
"	Freyfaxi	161	"	"	241.500,-
"	Funi	67	"	"	100.500,-
"	Geysir	357	"	"	535.500,-
"	Glaður	103	"	"	154.500,-
"	Glófaxi		"	"	
"	Glæsir	66	"	"	99.000,-
"	Gnýfari	62	"	"	93.000,-
"	Goði	32	"	"	48.500,-
"	Grani	86	"	"	129.000,-
"	Gustur	308	"	"	462.000,-
"	Háfeti	95	"	"	142.500,-
"	Hornfirðingur	161	"	"	241.500,-
"	Hringur	105	"	"	157.500,-
"	Hörður	254	"	"	381.000,-
"	Kinnsker	30	"	"	45.000,-
"	Kópur	97	"	"	145.500,-
"	Léttfeti	123	"	"	184.500,-
"	Léttir	257	"	"	385.500,-
"	Ljúfur	87	"	"	130.500,-
"	Logi	114	"	"	171.000,-
"	Máni	160	"	"	240.000,-
"	Neisti	105	"	"	157.500,-
"	Óðinn	54	"	"	81.000,-
"	Seyðir	20	"	"	30.000,-
"	Sindri	164	"	"	246.000,-
"	Sleipnir	286	"	"	429.000,-
"	Smári	208	"	"	312.000,-
"	Snarfari	42	"	"	63.000,-
"	Snæfaxi	40	"	"	60.000,-
"	Snæfellingur	190	"	"	285.000,-
"	Stígandi	160	"	"	240.000,-
"	Stormur	70	"	"	105.000,-
"	Sörli	220	"	"	330.000,-
"	Trausti	89	"	"	133.500,-
"	Þjálfí	105	"	"	157.500,-
"	Þráinn	24	"	"	36.000,-
"	Þytur	131	"	"	196.500,-
				<u>6.036 félagar</u>	<u>Kr. 9.054.500,-</u>